

vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um staðfesting kyrsetningargerðar 3. apríl f. á. og um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi I. Richer fyrir hönd eigenda og váttryggjenda botnvörpuskipsins »Imbrim« greiði stefnda R. P. Ungerskov fyrir hönd Em. Z. Switzers björgunarútgerðar 22252.67 með 6% ársvöxtum frá 24. marz 1914 til borgunardags. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 30/1915.

Réttvisin  
gegn  
Degi Gíslasyni  
og  
Einari Jóhannessyni.

## D ó m u r :

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 20. des. f. á., voru hinir ákærðu, Dagur Gíslason og Einar Jóhannesson dæmdir samkvæmt 200. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir að hafa af gáleysi orðið þess valdandi, að maður misti lífið, hvor um sig til að greiða 50 kr. sekt í landssjóð eða sæta 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin væri eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldu þeir in solidum greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Þegar rannsókn var hafin í málinu 25. júní f. á. var ákærði, Einar Jóhannesson stýrimaður og ákærði Dagur Gíslason háseti á kúttar »Gunnar« frá Sykkishólmi og stóð skip þetta þá á þurru í fjörunni sunnan við Súgandisey hjá Stykkishólmi. Um kveldið 24. júní lagði skipstjórinn svo fyrir að hita í fötu tjöru til að bera á skipið, á hlóðum sem voru í Súgandisey rétt fyrir ofan fjöruna, og gekk eftir það til svefnis en stýrimaður tók við varðhaldi á skipinu. Dagur Gíslason, og að sögn ákærða, aðrir hásetar á skipinu töldu eigi fært, eða treystu sér ekki til að gera eld í hlóðunum, eins og skipstjóri lagði fyrir, af því að ollu vantaði til uppkveikju. Sagði stýrimaður þá svo fyrir, að hita skyldi tjöruna á eldstónni (eldavélinni) í hásetaklefa skipsins, og virðist hann, eftir því sem segir í dómnum, fyrst hafa hitað þar tjöru í fötu, er hann síðan fór með niður í fjöru og tók að bika skipið; á meðan setti Dagur upp aðra tjöru á eld-

stóna, en innan skamms, eftir að hann hafði gert það, laust eldi í tjöruna og varð af bál mikið og svæla í hásetaklefanum. Þar sváfu þá 4 menn af skipshöfninni, og var einn þeirra Guðmundur Lárusson, 15 vetra piltur úr Stykkishólmi; var svefnrúm hans næst eldstónni. Þegar eldur hljóp í tjöruna, flýtti Dagur sér að vekja mennina og tókst að vekja 3 af þeim, en Guðmund gat hann eigi vakið, af því að hann náði eigi til hans vegna hita af bálinu. Virðist Dagur þá hafa forðað sér upp úr klefanum með hinum þremur. Skipstjóra var þegar gert viðvart um að kviknað væri í skipinu og fekk hann hjálp til að slökkva eldinn, sem hafði læst sig í þiljur í klefanum; hann fór og sótti lækni. Að sögn stýrimanns gerði hann og hásetar, áður en skipstjóri kom til, tilraun til að fara niður í klefann og ná Guðmundi upp á þilfar, en þoldu það ekki, vegna reykjarsterkjunnar. Þegar lækni-rinn kom, lét hann bera Guðmund upp úr klefanum, en hann (Guðmundur) var þá ör-endur og urðu lífgunartilraunir læknisins árangurslausar. Skýrði hann fyrir réttinum svo frá, að líkið hefði verið talsvert brunnið á andliti, höndum og fótum og hingað og þangað á bol, alls hér um bil helmingur líkamans, og að hans áliti væri það algerlega útilokað að pilturinn hefði getað lifað, þótt hann hefði raknað við.

Hinir ákærðu hafa, að því er til þeirra kemur, skýrt svo frá málavöxtum sem að framan greinir og kemur það heim við aðrar skýrslur málsins. Sérstaklega hefir ákærði Einar Jóhannesson kannast við

að hafa sagt ákærða Degi Gíslasyni að hita tjöruna í hásetaklefanum.

Með atferli sínu, því er að framan er lýst, hafa ákærðu, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og hvorugur áður hefir sætt refsingu fyrir lagabrot, gert sig seka í vítaverðu gáleysi, er Guðmundur Lárusson hefir hlotið bana af, og er þetta brot þeirra af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 200. gr. hegningarlaganna; þykir refsing Dags Gíslasonar hæfil. ákveðin 50 kr. sekt til landssj. eða 15 daga einfalt fangelsi ef sektin er ekki greidd á réttum tíma, og refsing Einars Jóhannessonar 80 kr. sekt tilsama sjóðs, eða til vara 24 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo ber og hinum ákærðu in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærsla við yfirdóminn lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Einar Jóhannesson greiði 80 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 24 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd á ákveðnum tíma. Að öðru leyti skal aukaréttardóminum óraskað. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds

Gislasonar og Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld greiðist áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 26/1915.

Jes Zimsen  
f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.  
gegn  
Eggerti Briem.

D ó m u r:

Mál þetta er, samkvæmt ómótmæltri skýrslu stefnda Eggerts bónda Briem, og öðrum gögnum svað vaxið sem nú skal greina: Með skuldabréfi, dags. 3. sept. 1908, hafði áfrýjandi P. J. Thorsteinsson & Co. tekið 100000 kr. að láni hjá stefnda. Lánið skyldi afborga árlega með jöfnum afborgunum  $\frac{1}{40}$  hluta upphaflegrar lánsupphæðar, eða, með 2500 kr. á ári. Sem vexti skyldi áfrýjandi greiða 5% á ári. auk 1% dráttarvaxta væru skil eigi gjörð á réttum tíma. Afborgun og vexti skyldi greiða 1. júní ár hvert, í fyrsta skifti 1. júní 1909. Höfuðstóllinn skyldi allur vera afturtækur, ef áskilin ársafborgun og vextir væru eigi greidd stefnda í síðasta lagi innan 3 mánaða frá því er hann hefði skriflega krafist áfrýjanda.